

Ást

Sólin brennir nóttina
 og nóttin slökkvir dag;
 þú ert athvarf mitt fyrir
 og eftir sólarlag.
 Þú ert yndi mitt áður
 og eftir að dagur rís,
 svölun í sumarsins eldi
 og sólbráð á vetrarins ís.

Svali á sumardögum
 og sólskin um vetrarnótt,
 þögn í seiðandi solli
 og söngur ef allt er hljótt.
 Söngur í þöglum skógum
 og þögn í borganna dyn,
 þú gafst mér jörðina og grasið
 og Guð á himnum að vin.

**Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð
 til að styrkja mig
 ég fann ei hvað lífið var fagurt
 fyrir en ég elskaði þig.
 Ég fæddist til ljóssins og lífsins
 er lærði ég að unna þér,
 og ást mín fær ekki fölnað
 fyrir en með sjálfri mér.**

Aldir og andartök hrynja
 með undursamlegum nið;
 það er ekkert í heiminum öllum
 nema eilífðin, Guð - og við.

**Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð
 til að styrkja mig
 ég fann ei hvað lífið var fagurt
 fyrir en ég elskaði þig.**

**Ég fæddist til ljóssins og lífsins
er lærði ég að unna þér
og ást mín fær ekki fölnað
fyrr en með sjálfri mér.**

**Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð
til að styrkja mig
ég fann ei hvað lífið var fagurt
fyrr en ég elskaði þig.
Ég fæddist til ljóssins og lífsins
er lærði ég að unna þér
og ást mín fær ekki fölnað
fyrr en með sjálfri mér.**